

4. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Nú lætur ljósmóðir af störfum án þess að fá lífeyri úr sjóðnum, og skal þá endurgreiða iðgjöld þau án vaxta, er hún hefir greitt til sjóðsins. Af endurgreiðslu-upphæðinni skal fyrst greiða lífeyrissjóði Íslands upphæð þá, sem honum ber samkvæmt síðustu málsg. 49. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, og síðan afganginn til hlutaðeigandi ljósmóður.

5. gr.

Aftan við lögin bætist svolátandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1940 greiðir lífeyrissjóður ljósmæðra aðeins þeim ljósmæðrum eftirlaun, sem látið hafa af störfum eftir 31. desember 1939, enda greiði ríkissjóður á því ári aðeins 12650 krónur sem framlag til sjóðsins. Sama ár greiðast eftirlaun samkvæmt ákvæðum 5. gr. ljósmæðralaganna á sama hátt og af sömu aðilum og árið 1939. Þær ljósmæður, sem í fyrsta sinn hafa notið eftirlauna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1940, skulu hafa sama rétt til eftirlauna úr sjóðnum frá 1. janúar 1941 og hinar, sem áður nutu eftirlauna samkvæmt fjárlögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem ríkisstjórnin skipar. Skál einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Útvegsbanka Íslands h/f og þrír af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skipar ríkisstjórnin varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir.

Ennfremur skal ríkisstjórnin skipa þriggja manna nefnd, er nefnist vörumiðlunarnefnd, einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga, annan eftir

115 tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og þann þriðja án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Nefnd þessi skal ákveða, hvernig skipta skuli milli innflytjenda innflutningi þeim, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd heimilar af búsáhöldum, skófatnaði, vefnaðarvörum og byggingarefni, að undanskildu því efni, sem ætlað er til þeirra opinberra framkvæmda og atvinnutækja, sem sérstök innflutningsleyfi eru gefin fyrir. Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum, og ákveður nánar verksvið hennar.

Til þess að standast kostnað við störf nefndanna skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2% — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

116

30. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

2. másl. 7. gr. laganna orðist svo:

Námsbókagjaldið skal vera 5—7 kr. á heimili, meðan dýrtið helzt vegna núverandi styrjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.